



Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Varðandi þingskjal 21 - 21. mál

Umsögn Valorku ehf

um „frumvarp til laga um breytingu á lögum um loftslagsmál (70/2012)“.

Valorka ehf fagnar þeirri viðleitni til umbóta á lögum um loftslagsmál sem birtist í þessu frumvarpi. Nauðsynlegt er þó að á þessu lagafrumvarpi verði gerðar þær breytingar sem hér verða nefndar, til að Ísland hafi sæmilega möguleika á að ná markmiðum sínum í loftslagsmálum.

Um Valorku ehf. Í byrjun er rétt að gera örstutta grein fyrir Valorku ehf og mikilvægi verkefna fyrirtækisins fyrir loftslagsmarkmið. Valorka ehf var stofnað 2009 til að þróa aðferð, byggða á uppfinningum undirritaðs, til að vinna orku úr sjávarfallastraumum af algengum straumhraða. Valorka er eini aðilinn hérlendis í þróun sjávarorkutækni; eini aðilinn sem beitir sér fyrir rannsóknum og nýtingu þessara lang- umfangsmestu orkuaðflinda Íslands, og síðast en ekki síst; nánast eini aðilinn á heimsvísu sem þróaar tækni til nýtingar hægstrauma sjávarfalla (0,5-1,5 m/sek). Þróun hverfla Valorku hefur gengið vel þegar fé hefur fengist. Tækniþróunarsjóður styrkti verkefnið í fáein ár en hætti því síðan, þrátt fyrir góðan árangur; líklega vegna þrýstings hagsmunaaðila, s.s. Landsvirkjunar, sem hér hafa ógnarvald í öllum þáttum orkumála og orkustjórnunar. Þrátt fyrir að verkefni Valorku hafi gríðarlega þýðingu fyrir loftslagsmál, vegna þess að hér er um umhverfisvæna orkutækni að ræða, hafa stjórnvöld ekki á nokkurn hátt sýnt þessu framtaki stuðning. Sem dæmi um það má nefna að ráðherra skipaði sl sumar nefnd til að skila skýrslu um nýja orkukosti, s.s. sjávarorku. Nefndin skyldi skila í september sama ár, en hefur enn ekki skilað af sér. Á meðan nýtir ráðherra tækifærið og byggir undir vindorkuframléiðslu og aukna vatnsaflsnýtingu. Slík vinnubrögð eru loftslagsmálum ekki til framdráttar, og í engu samræmi við vilja landsmanna. Könnun Maskinu árið 2022 sýndi að 72 % þjóðarinnar vilja að sjávarfallaorka standi undir viðbótar orkuþörf landsins, en aðeins um 67 % vilja vatnsaflsvirkjanir og 59 % vindmyllur. Gerðir Alþingis og ríkisstjórnar taka engin mið af þessum niðurstöðum; Alþingi virðist vera sambandslaust við sína kjósendur.

Verkefni Valorku hafa verið í frosti frá árinu 2018 vegna andstöðu og úrræðaleysis stjórnvalda, en hægur vandi er að halda þeim áfram ef stuðningur fæst, og skapa Íslandi forystu í umhverfisvænstu orkuframléiðslu sem hugsast getur. Það yrði stærsta framlag Íslands til loftslagsmála og orkuskipta á heimsvísu.

Um frumvarpið í heild:

Nauðsynlegt er að skerpa á áherslum stjórnvalda í loftslagsmálum, eins og frumvarpið miðar að. Aðgerðir stjórnvalda hafa meira verið í orði en á borði. Ekki skortir á fjálglegar yfirlýsingar, skýrsluskrif; heimshornaflakk, nefndaskipanir, málþing og annað hjóm sem engu máli skiptir. Sárálítið fer fyrir raunverulegum aðgerðum. Jafnvel má færa rök fyrir því að aðgerðir stjórnvalda gangi gegn loftslagsmarkmiðum. Dæmi um það eru ferðir á svonefndar „loftslagsráðstefnur“; hérlendis sem



erlendis. Kolefnisspor þeirra sem slík þing sækja um langa leið er gríðarlegt. Hægur vandi er að halda slíkar ráðstefnur gegnum fjarfundabúnað.

Ljóst er að hraða þarf orkuskiptum ef takast á að halda hlýnun jarðar í skefjum. Skelfilega hefur gengið hjá þjóðum heims að standa við markmið Parísarsáttmálann. Við Íslendingar erum ekki hótinu betri en aðrar þjóðir í þeim efnum. Hvorki gengur né rekur, og ráðleysi stjórnvalda er nær algjört.

Fiskiskipafloti okkar gengur fyrir jarðefnaeldsneyti; sama er um samgöngur að langmestu leyti; stórvirkar vélar o.fl. Engin viðleitni virðist vera til þess hjá stjórnvöldum að stemma stigu við óþörfum ferðalögum landsmanna; t.d. hafa ferðir til Kanarríeyja og Spánar aldrei verið meiri. Ekkert er birt um kolefnisspor þeirra sem þannig menga loftslagið. Vestfirðir eiga í mesta basli með raforkuöflun og vilja nýta friðaðar náttúruperlur til virkjana, en á sama tíma er yfirdrifin sjávarfallaorka þar við strendur sem nýta má með umhverfisvænum og mjög hagkvæmum hætti. Skýrsla um hagkvæmniathugun í þeim efnum liggur fyrir og hefur verið kynnt ráðamönnum; án viðbragða. Stjórnvöld standa í vegi fyrir rannsóknum og þróun á þessu sviði. Hornfirðingar knýja nú á ný fiskmjölsverksmiðjur sínar með olíu, en á sama tíma eru gríðarmiklir sjávarfallastraumar ónýttir þar fyrir ströndum. Ekki fæst fé til að þróa tækni til nýtingar hennar. Alþingi samþykkti þingsályktun árið 2014 um rannsóknir á umfangi og nýtingarmöguleikum sjávarorku við Ísland. Sérfræðingaskýrsla mælti með að þær rannsóknir yrðu hafnar. Ráðherra stakk skýrslunni niður í skúffu og Alþingi lét sér það vel líka. Stefna stjórnvalda í loftslagsmálum er því á engan hátt trúverðug.

Um einstakar greinar:

1.gr. Rétt er að skerpa hlýnunarmarkmið eins og hér er gert og lögfesta töluleg viðmið; þrátt fyrir að illa gangi að ná settum viðmiðum.

1.gr. a. Vafasamt er að kolefnishlutleysi náist fyrir 2035 að óbreyttu. Engu að síður er nauðsynlegt að hafa þennan hvata.

1.gr. b. Sama er að segja um þetta ákvæði: Að óbreyttu verður ekki séð hvernig þessu 70 % samdráttarmarkmiði verður náð. Til þess þarf ekki einungis tæknilausnir sem leysa hefðbundna sprengihreyfla af hólmi, heldur einnig vitundarvakningu meðal almennings um t.d. ferðalög.

1.gr. c. Komið hefur í ljós að losun vegna landnotkunar hefur verið stórlega ýkt, eins og reyndar kemur fram í greinargerð frumvarpsins. Sjálfsagt er að gera skynsamlega áætlun um endurheimt votlendis, en gera það af meiri skynsemi en hingað til. Ekki nægir að einblína á bújarðir í þeim efnum, heldur þarf að hindra losun við uppbyggingu þéttbýlis, orkumannvirkja, vega o.fl. Nauðsynlegt er að taka starfshætti Landgræðslunnar til gagnarrar endurskoðunar, þar sem stofnunin vinnur beinlínis gegn markmiðum í loftslagsmálum; hefur t.d. neitað að styðja við endurheimt lands á skeljasandssvæðum Vestfjarða og liggur fyrir staðfest dæmi þar um. Binding með skógrækt þarf að fara fram með vandaðri hætti en nú er gert, til að spilla ekki ásýnd eða lífríki skóglausra svæða.

1.gr. d. Hér kemur að stærsta ágalla þessa lagafrumvarps. Hér er lagt til að lögbinda stuðning við eina sértæka tæknilausn í loftslagsmálum; þá sem lýtur að bindingu kolefnis úr andrúmslofti. Slíkt er í sjálfu sér ágætt; ef víðsýnin væri meiri. Engin slík ákvæði er að finna í frumvarpinu um stuðning við aðrar íslenskar tæknilausnir, þrátt fyrir að þær gætu jafnvel verið öflugri lausn í þessum efnum. Í þessu frumvarpi er ekki að finna neinar tillögur um stuðning við íslenskar tæknilausnir til orkuskipta, t.d. íslenska hverfla til nýtingar sjávarfallaorku. Úr þeim ágalla er nauðsynlegt að bæta.



1.gr. e. Mótvægisáðgerðir vegna hlýnunar eru hér ekki skilgreindar, enda hlýtur viðbragð að mótast af tilefni hverju sinni. Ekkert er því út á þessa grein að setja.

Ekki er tilefni til athugasemda vegna síðari greina frumvarpsins. Tekið skal undir nauðsyn þess að stjórnvöld taki loftslagsmál fastari tökum en verið hefur.

Tillaga til breytinga:

Helstu athugasemdir Valorku ehf vegna þessa frumvarps lúta að skorti á sértækum tillögum. Valorka ehf leggur til að við 1.grein frumvarpsins bætist við stafliður, t.d. milli núverandi d- og e-liðar. Hann gæti hljóðað svo:

- Styðja við þróun á tæknilausnum til orkuskipta, svo sem þróun nýrrar tækni til nýtingar sjávarfallaorku og annarra áður ónýttra orkulinda.

Einnig er þess vænst að flytjendur tillögunnar, í samvinnu við umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, geri breytingar til úrbóta með hliðsjón af framanskriðuðu. Sjálfsagt er að koma fyrir nefndina ef eftir því verður óskað, til að skýra betur einstaka athugasemdir í þessari umsögn.

16. febrúar 2024

Valdimar Össurason framkv.stjóri Valorku ehf